

# Vefvarp - Samþykki fyrirlesara

## 1. Upplýsingar

Á Landspítala er nú hægt að taka upp fyrirlestra og horfa á þá í tölvu á innra neti spítalans. Vefvarp (streaming) er tækni sem gerir þetta mögulegt. Markmiðið er að gefa fleira starfsfólki tækifæri til að fylgjast með fyrirlestrum og fræðslu. Hægt er að biðja um varanlega geymslu eða geymslu einn vetur. Slóðin á fyrirlesturinn er á vefsíðunni: <http://smsmedia.lsh.is>

Í Hirslu, varðveislusafni Bókasafns Landspítala eru varðveittar upplýsingar um fyrirlestra sem varðveittir eru til langframa. Alþjóðlegar leitarvélar hafa aðgang að þessum skriflegu upplýsingum um fyrirlesturinn t.d. nafn höfundar án þess þó að hafa aðgang að fyrirlestrinum sjálfum. Hægt er að eyða færslum í Hirslu en upplýsingar um að fyrirlesturinn hafi átt sér stað geta þó verið áfram í gagnagrunnum leitarvéla. Athugið að bókasafnið áskilur sér rétt til að hafna skráningu í Hirslu ef upptakan uppfyllir ekki efnissvið eða gæðastaðla fyrir efni hennar. Það er vel þegið að fá lengri útdrátt úr fyrirlestrinum ef valið er að geyma fyrirlesturinn til frambúðar. Fyrirlesarar eru áfram með höfundarétt.

## 2. Samþykki

1. Ég (nafn fyrirlesara) hef lesið þetta blað (Vefvarp -samþykki fyrirlesara, dags.03.09.08) og skil og samþykki innihaldið
2. Ég samþykki Vefvarpsupptöku á fyrirlestri mínum dags \_\_\_\_\_ kl \_\_\_\_
3. Ég ber ábyrgð á innihaldi fyrirlestursins
4. Ég samþykki að persónugreinanlegar upplýsingar um sjúklinga koma ekki fyrir í fyrirlestri mínum. Ef slíkt kæmi fyrir læt ég Vefvarpsþjónustuna strax vita (vefvarp@lsh.is)
5. Ég samþykki að láta áheyrendur vita áður en fyrirlesturinn hefst, að hann verði tekinn upp (áheyrendur verða að taka tillit til persónuleyndar í spurningum og athugasemdum)
6. Tímalengd geymslu
  - a) \_\_\_\_ Ég óska eftir því að fyrirlesturinn verði geymdur áfram. Heiti fyrirlestursins, efnislegt ágríp og nafn höfundar verður skráð inn í Hirslu.
  - b) \_\_\_\_ Ég óska eftir því að fyrirlesturinn verði einungis geymdur út veturinn og honum eytt í næsta ágústmánuði eftir að fyrirlesturinn var haldinn
7. Ég óska eftir því að hægt verði að nálgast fyrirlesturinn þegar hægt verður:
  - a) \_\_\_\_ á innra neti Landspítala eingöngu
  - b) \_\_\_\_ einnig utan Landspítala
8. Ég get óskað eftir því að fyrirlestrinum verði eytt hvenær sem er.
9. Ágríp fylgi (um 3-4 setningar), sjá hér að neðan

Athugið að samþykkisblaðið á að berast Brúarstjóra rafrænt eða á pappír tveimur dögum áður en fyrirlestur er haldinn. **Ef samþykki berst ekki til Brúarstjóra á tilskildum tíma verður fundurinn ekki tekinn upp. Athugið einnig að Vefvarpsupptökur geta fallið niður við forföll.**

## 3. Staðfesting og sending samþykkisblaðs:

1. **Með tölvupósti.** Til að samþykkja ofanskráð er sendur tölvupóstur á netfangið [vefvarp@landspitali.is](mailto:vefvarp@landspitali.is) Sendið þetta samþykkisblað útfyllt sem viðhengi. Með því samþykkir þú skilmála þess en það er gert með því haka við valmöguleika í lið 2 hér að ofan og prenta nafn þitt neðst.
2. **Á pappírformi.** Einnig er hægt að prenta samþykkið út og senda undirritað til Brúarstjóra, Bókasafni Landspítala, Eiríksgötu 34, Landspítala, 101 Rvk.

Ég samþykki hér með að fyrirlestur minn verði tekinn upp og vistaður á Landspítala. Ég hef lesið þetta samþykkisblað og samþykki innihaldið. Ég hef merkt við valmöguleikana í lið 2 hér að ofan.

Ágríp: \_\_\_\_\_

Dags. \_\_\_\_\_ Undirskrift \_\_\_\_\_